

Priðjudaginn 13. október 1998.
Nr. 413/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Kio Alexander Ayobambele Briggs

(Helgi Jóhannesson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a- og b-liður 1. mgr. 103. gr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 7. október 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. október 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 30. nóvember nk. kl. 16. Kæruheimild er í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. október 1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a- og b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Kio Alexander Ayobambele Briggs, breskum ríkisborgara, fæddum 4. september 1972, til heimilis í Madrid á Spáni, verði áfram gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 30. nóvember 1998 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í greinargerð lögreglu kemur fram, að Briggs hafi verið handtekinn að morgni 1. september 1998 á Keflavíkurflugvelli við komu til landsins frá Alicante á Spáni, en í farangri hans á flugvellinum hafi fundist mikið magn ætlaðra fíkniefna, 2031 tafla af efni, sem samkvæmt litaprófun lögreglu og rannsókn rannsóknastofu í lyfjafræði hafi reynst vera metýlendíoxímétamfetamín (MDMA-klóríð).

Kærði hafi gengist við því, að pakki með þessum efnum hafi verið í farangri sínum við komu til landsins, en kveðst enga vitneskju hafa um tilvist þessara efna eða hvernig þau komust í farangur sinn. Töflurnar voru í tveimur glærum plastpokum, sem aftur var pakkað inn í rauðan plastinnkaupapoka, sem var vafið inn í fatnað á botni töskunnar.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 2. september 1998, í málinu nr. R-175/1998 var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 14. þ. m. kl. 16.00. Hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, sem staðfesti hann 7. þ. m. Með úrskurði 14. september sl. í málinu nr. 179/1998 var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 5. október kl. 16.00.

Í greinargerð lögreglu segir enn fremur um málavexti, að kærði hafi verið yfirheyrdur fjórum sinnum hjá lögreglu vegna málsins. Sé gerð ýtarleg grein fyrir framburði kærða og framgangi rannsóknarinnar í skýrslu Lárusar Kjartanssonar rslm., dagsettri 14. september 1998. Kærði skýrði fyrst frá því, að hann þekkti enga Íslendinga, en hefði komið í þeim tilgangi að fá vinnu við sjómennsku, en sér hefði verið sagt, að það gæti gefið góð laun. Við fyrstu afskipti tollvarða kvaðst hann vera kominn til Íslands sem ferðamaður og væri ekki ljóst, hve lengi hann myndi dveljast hér. Við handtöku skýrði hann lögreglumönnum frá því, að hann væri kominn hingað sem ferðamaður í þeim tilgangi að skemmta sér og hygðist dveljast hér á hóteli nokkra daga, en hefði ekki enn ákveðið, hvaða hóteli. Kærði hafi ekki flugmiða frá Íslandi. Kærði kveðst ekki hafa viljað gefa upp, að hann hygðist stunda sjómennsku, því að hann hefði ekki atvinnuleyfi. Kærði hafði nánast enga peninga meðferðis til Íslands (nokkra peseta) og ekkert greiðslukort, en hann kvaðst hafa haldið, að hann væri með greiðslukort, sem hann væri skráður fyrir, en hann neiti að upplýsa, hjá hvaða greiðslukortafyrirtæki það sé. Kærði kvaðst hafa talið, að hann myndi geta fengið lánaða peninga á Íslandi til að fara aftur til Spánar, ef honum líkaði ekki sjómennska eða fengi ekki vinnu, en kærði hafði einungis léttan klæðnað í farangri sínum við komu til landsins.

Í ljós hafi þó komið, að kærði þekki íslenska menn á Spáni og sé í tengslum við þá. Íslenskur maður, Guðmundur Ingi Þóroddsson, kt. 290574-4639, hafi keypt fyrir hann farmiðann á Spáni og kærði gist í íbúð hans síðustu

sólarhringana, áður en hann flaug til Íslands. Í íbúð Guðmundar Inga kveði kærði mikla fíkniefnaneyslu hafa farið fram. Í fyrstu yfirheyrslu kvaðst kærði hafa keypt farseðilinn sjálfur á ferðaskrifstofu, en í næstu yfirheyrslu kvaðst hann hafa keypt farseðil Íslendinga á ferðaskrifstofu, þ. e. farseðil, sem Íslendingurinn hefði ekki ætlað að nota, en skv. upplýsingum frá Plúsferðum hafi farseðillinn verið gefinn út handskrifaður af fararstjóra á Benidorm á Spáni og stílaður á kærða, en greiddur af nafngreindum íslenskum manni, sem hafi skilið eftir vegabréf sitt sem tryggingu fyrir fullnaðargreiðslu. Þetta hafi fararstjórinn staðfest í samtali við íslenskan lögreglu-mann á Spáni, en þar sem fararstjórinn komi ekki til Íslands fyrir en 20. október nk., hafi ekki verið tekin af honum formleg skýrsla, en það verði gert þegar eftir heimkomu hans. Sá, sem keypt hafi farseðilinn fyrir kærða, þ. e. Guðmundur Ingi Þóroddsson, hafi gefið skýrslu og staðfest að hafa keypt farseðilinn fyrir kærða á flugvællinum og fengið að láni peninga hjá öðrum manni til þess. Hann hafi ekki getað greitt farseðilinn að fullu á staðnum og því sett vegabréf sitt að veði fyrir mismuninum, en þetta hafi fararstjórinn, sem selt hafi miðann, staðfest. Sá, sem keypt hafi farseðilinn, hafi borið að hafa séð kærða ganga frá fíkniefnunum í farangri kærða, áður en hann fór af stað til Íslands, og hafi kærði sjálfur sýnt sér fíkniefnin. Þá hafi kærði nafngreint aðra Íslendinga, sem hann hafi kynnst á Benidorm í sumar, og nefnir þá Kúnna, Danna og Benna. Kærði kveðst halda, að Benni hafi átt að fara til Íslands með sömu vél og hann. Í ljós hafi komið samkvæmt upplýsingum frá ferðaskrifstofunni Plúsferðum, að maður að nafni Benóný Benónýsson, kt. 030873-5489, hafi komið til Íslands með sömu vél og kærði, en sá sé þekktur hjá ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar. Benóný hafi staðfest þetta og jafnframt að hafa hitt kærða á flugvællinum, og með kærða hafi verið Guðmundur Ingi, sem keypt hafi flugmiðann fyrir kærða, og Benóný hafi lánað honum fé fyrir hluta farmiðans.

Komið hafi fram, að á flugvællinum hafi verið einn félagi Guðmundar Inga til viðbótar, Sigurður Bragason að nafni, en hann sé enn á Spáni og hafi því ekki verið yfirheyrður og ekki vitað, hvenær hann muni væntanlegur til landsins.

Ónafngreindur maður hafi komið á framfæri við lögreglu upplýsingum um að hafa séð um síðustu mánaðamót svartan mann, hávaxinn og grannan, á tali við Íslending á flugvællinum í Alicante, og hefðu þeir setið saman. Síðan hafi báðir farið í sömu flugvél og hinn ónafngreindi maður til Íslands, en þá hafi þeir látið sem þeir þekktust ekki, hvorki þar né heldur í flugstöð Leifs Eiríkssonar. Í fórum kærða hafi fundist uppdrettir, sem virðist vera af

komusal flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, en þetta hafi vakið furðu hins ónafngreinda manns. Kærði hafi sagst ekkert með þetta hafa að gera og ekki haft vitneskju um þetta í farangri sínum, en hafa séð Guðmund Inga með uppdrættina daginn áður. En Guðmundur Ingi kveðst hafa teiknað þetta að beiðni kærða og kærði sjálfur krotað inn á teikningarnar.

Eftir sé að taka skýrslu af fararstjóranum, sem komi til landsins 20. október nk., og freista þess að taka skýrslu af Sigurði Bragasyni, sem verið hafi með Guðmundi Inga og kærða á flugvellinum í Alicante. Að öðru leyti sé rannsókn málsins að ljúka og þess að vænta, að það verði sent embætti ríkissaksóknara á næstunni til ákærumeðferðar.

Umbúðir utan af töflunum hafi verið sendar til fingrafararannsóknar hjá tækni-eild LR og ríkislögreglustjóra ásamt ætluðum uppdrætti af Leifsstöð. Ekki finnist fingraför á umbúðum fíkniefnanna, en niðurstöður liggja ekki fyrir um uppdráttinn. Sé því nauðsynlegt að halda kærða í gæsluvarðhaldi, meðan verið sé að ljúka rannsókninni, en veruleg ástæða sé til að ætla, að kærði gæti torvelað rannsóknina með því að hafa áhrif á vitni og vit-orðsmenn sína, ef hann endurheimti frelsi sitt nú. Þá sé kærði erlendur ríkisborgari og ekki með nein tengsl við landið, og megi því vænta þess, að hann fari af landi brott, þótt hann kveðist ekki munu gera það. Sterkur grunur sé um, að kærði hafi framið það brot, sem um ræðir. Efnin hafi fundist í fórum hans, og framburður hans stangist verulega á við framburð annarra í málinu, sem aftur ber saman. Þá hafi vitni borið, að kærði hafi sýnt því efnin. Það séu ótvíræðir hagsmunir almennings, að kærði, sem hafi verið staðinn að slíku broti, gangi ekki laus, meðan máli hans er ólokið, en um sé að ræða mjög hættulegt fíkniefni, svo sem kunnugt sé, en jafnframt langmesta magn þess, sem vitað er um, að hafi verið flutt hingað til lands í einu lagi.

Verið sé að rannsaka ætluð brot kærða gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem geti varðað kærða allt að tíu ára fangelsisrefsingu, ef sannist, og megi um það nefna dóm Hæstaréttar, upp kveðinn 30. janúar 1997, í málinu nr. 470/1996: Ákærvaldið gegn Lahouari Sadok. Rannsókninni sé ekki að fullu lokið, eins og að ofan greinir. Þá megi gera ráð fyrir, að kærði hverfi af landi brott, eins og áður segi.

Þá liggja fyrir, að sterkur grunur er um, að kærði hafi framið brot, sem að lögum geti varðað allt að tíu ára fangelsi, sbr. það, sem áður segi um 173. gr. a almennra hegningarlaga, og séu það ótvíræðir hagsmunir almennings, að hann sæti því áfram gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans, enda sé dómvenja fyrir slíku. Heimildir til gæsluvarðhalds séu í a- og b-lið 1. mgr. 103. gr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, og er þess krafist með vísan til þeirra, ofangreinds og fram lagðra gagna, að krafan nái fram að ganga.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í máli þessu, verður að telja, að fyrir liggja rökstuddur grunur um, að kærði hafi brotið gegn ákvæðum 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem getur varðað allt að tíu ára fangelsi. Um er að ræða rannsókn á innflutningi mikils magns fíkniefna, sem enn er ekki að fullu lokið. Eftir er að yfirheyra vitni í þessu máli, bæði hér á landi og á Spáni, og verið er að afla ýmissa gagna við rannsókn málsins, bæði hér á landi og erlendis. Kærði er erlendur ríkisborgari og býr á Spáni. Hann hefur ekki komið til Íslands áður, svo að kunnugt sé, og ekki er vitað til, að hann hafi dvalarstað hér á landi. Verður með vísan til þessa að fallast á þær röksemdir lögreglu, að nauðsynlegt sé að halda kærða í gæsluvarðhaldi, meðan rannsókn heldur áfram, og ástæða sé til að ætla, að kærði gæti torvelað rannsóknina, ef hann endurheimtir nú frelsi sitt. Þá þykir með vísan til þess, sem segir um rannsókn málsins hér að framan, leika sterkur grunur á því, að kærði hafi framið brot, sem að lögum gæti varðað hann tíu ára fangelsi, en brotið er þess eðlis, að ætla verður, að varðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna.

Með vísan til framanritaðs er fullnægt skilyrðum a- og b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um gæsluvarðhald svo og 2. mgr. sömu greinar laganna. Ber samkvæmt því að taka til greina þá kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, eins og hún er sett fram og nánar greinir í úrskurðarorði. Ekki þykja efni til að ákveða styttri tíma með vísan til þess, sem fyrir liggur um rannsóknina og hér að framan greinir.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Kio Alexander Ayobambele Briggs, sæti gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans, en þó ekki lengur en til 30. nóvember 1998 kl. 16.00.